

## Fundur í svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 21.01.14

*Mættir: Ástvaldur Guðmundsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Elín Heiða Valsdóttir, fráfarandi formaður, Eygló Kristjánsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Kári Kristjánsson, Ólafía Jakobsdóttir, Snorri Baldursson og Þórður H. Ólafsson, sem sat fundinn að hluta. Karl Ölvirsson boðaði forföll.*

### 1-2. Opnun og kosning formanns og varaformanns.

EH opnaði fundinn sem fráfarandi formaður og stýrði kosningu nýs formanns og varaformanns. Aðeins fulltrúar sveitafélaga geta boðið sig fram og Karl Ölvirsson hafði beðist undan kosningu. Stungið var upp á Eygló Kristjánsdóttur sem formanni og Ásvaldi Ævari Þormóðssyni sem varaformanni. Það var samþykkt.

### 3. Áhættumat Mannvits vegna ferðaleiða á vestursvæðis.

EH kynnti bakgrunn verkefnisins. Vegna umræðu sem átti sér staði í svæðisráði og stjórn í aðdraganda að stækkun svæðisins árið 2010–2011, var Mannviti var falið að meta öryggi á þremur ferðaleiðum á vestursvæði, þ.e. leið um Blautulón, leið sunnan Hellnafjalls og leið með norðurbakka Langasjávar, sem allar eru að hluta í vatni. SB rakti uppbyggingu skýrslunnar og helstu niðurstöður. KK upplýsti um vinnu við öryggisáætlun þjóðgarðsins og þ.m.t. áhættumat fyrir sex staði á vestursvæði: við vöð á Tungnaá, Köldukvísl, Sylgju og Sveðju, við uppgöngu á Sveinstind og hverasvæði í Vonarskarði.

*Svæðisráð lýsir ánægju með skýrslu Mannvits og beinir til starfsmanna að grípa til aðgerða til úrbóta sem eru á þeirra valdi, s.s. að bæta upplýsingagjöf og merkingar.*

### 4. Atvinnustefna VJP

EH kynnti málið sem hefur verið til umræðu allt frá upphafi þjóðgarðs; svæðisráð vestursvæðis hélt m.a. fund á Kirkjubæjarklaustri um atvinnumál vorið 2011. SB fór á hundavaði yfir stefnuna. ÞHÓ upplýsti að stjórn stefndi að því að ljúka málinu á næstu tveimur mánuðum. Nokkur umræða var um hvaða hlutverki þjóðgarðurinn ætti að gegna í atvinnumálum, þ.e. hvort líta bæri á hann sem “óvirkt atvinnutækifæri” fyrir heimamenn eða virkan þátttakanda í atvinnuuppbyggingu.

*Svæðisráð beinir því til starfsmanna að kynna drögin fyrir helstu fyrirtækjum sem eru með starfsemi tengda þjóðgarðinum á svæðinu. Drögin voru að því búnu afgreidd til frekari vinnslu hjá stjórn.*

### 5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar

SB fór yfir starfsemina sl. ár. Starfið gekk áfallalaust en sumarið var heldur úrkomusamt og fjöldi ferðamanna á vestursvæði stóð að mestu í stað. Lokið var við uppbyggingu við Tjarnargíg og uppbygging hafin í Eldgjá með aðstöðuhúsi fyrir landverði. Í sumar er stefnt að því að koma fyrir nýju snyrtihúsi þar og einnig setja niður útsýnispall við Ófærufoss sem Framkvæmdasjóður ferðamannastaða kostar að hluta. Nokkur umræða varð um útsýnispallinn og sýndist sitt hverjum.

### 6. Rekstrar- og framkvæmdaáætlanir 2014.

ÞHÓ kynnti rekstraráætlun fyrir 2014. Þrátt fyrir niðurskurðarkröfu frá ríkinu upp á 5–6 m. kr. hækka framlög til vestursvæðis um u.þ.b. 3 m.kr. Aukin framlög eru fyrst og fremst til að geta lengt opnunartíma Skaftárstofu–upplýsingamiðstöðvar. ÞHÓ upplýsti að framkvæmdafé þjóðgarðsins hefði verið skorið um helming milli ára, úr 180 m. kr. í 90. Stjórn hefði því gefið út þá stefnu að nota árið í ár fyrst og fremst til þess að ljúka við þær framkvæmdir sem hafnar eru.

Fram kom að allt nýtt fé til þekkingarseturs hefði verið þurrkað út úr fjárlögum. Stýrihópur um byggingu þekkingarseturs lauk störfum sl. haust og skilaði af sér skýrslu til Framkvæmdasýslunnar. ÓJ upplýsti að verkefnisstjórn þekkingarseturs hefði verið endurvakin og að hún hygðist funda á næstunni. Óvíst er hversu mikið er eftir af þeim 30 m. kr., sem úthlutað var á fjárlögum 2012, þar sem uppgjör hefur ekki farið fram við Framkvæmdasýsluna, en hugsanlega má nýta þann afgang ef einhver er í vinnu verkefnisstjórnar.

*ÞHÓ kannar hjá Framkvæmdasýslunni hvort ekki megi dreifa ofangreindri skýrslu stýrihóps á svæðisráð.*

#### **7. Stjórnsýslukæra hjólreiðamanna vegna Vonarskarðs og tilmæli ráðherra við staðfestingu Stjórnunar- og verndaráætlunar**

SB kynnti bréf ráðuneytisins og kærðu hjólreiðamanna sem snýst um ákvörðun stjórnar, við gerð nýrrar útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar, að banna hjólreiðar um Vonarskarð. Nokkur umræða varð um málið

*Ákveðið var að bíða niðurstöðu stjórnsýslukæru hjólreiðamanna og skoða málið frekar í framhaldi af því. Þá var þjóðgarðsverði falið að ræða við Landsvirkjun um að fyrirtækið afmái varnargarð sem ruddur var upp við Rauða í Vonarskarði í byrjun 9. áratugs síðustu aldar til að beina vorleysingavatni í Köldukvísl, en þjónar engu hlutverki lengur.*

#### **8. Tillögur hagræðingahóps ríkisstjórnarinnar – kynning.**

SB kynnti. Hópurinn leggur til sameiginlega stjórnsýslu þjóðgarða og friðlýstra svæða, eins og síðasta ríkisstjórn gerði raunar líka en ekki náðist samstaða um þá.

#### **9. Tillögur nefndir um endurskoðun á stjórnfyriřkomulagi VJP - kynning**

SB kynnti. Meginhugmyndir nefndarinnar felast í því að skrifa hlutverk framkvæmdastjóra inn í lög og skerpa á verkaskiptingu hans og þjóðgarðsvarða.

#### **10. Hugmyndir um lagabreytingar – kynning.**

SB kynnti. Um er að ræða ýmsar smábreytingar vegna agnúa sem komið hafa í ljós við framkvæmd Stjórnunar- og verndaráætlunar og samspil hennar við lög og reglugerð um þjóðgarðinn.

#### **11. Náttúrupassi/ferðakort – kynning .**

SB kynnti. Að störfum er samráðshópur sem hefur það hlutverk að gera tillögu að útfærslu náttúrupassa/ferðakorts. Niðurstöður eru væntanlegar á næstu vikum á formi lagafrumvarps.

*Svæðisráð bíður niðurstöðu starfshóps.*

#### **12. Önnur mál.**

Starfsmenn þjóðgarðsins og svæðisráð þökkuðu að lokum Elínu Heiðu Valsdóttur og Sigurði Skúlasyni gott og farsælt samstarf.